

- c. Sá sem missir mark sitt vegna reglna í lögum þessum eða úrskurða markanefndar á ekki kröfu á bótum og honum er skylt að marka búfé sitt nýju marki.
- d. Áður en markaverðir úrskurða hver skuli halda marki skal hlutaðeigendum gefinn kostur á að lýsa viðhorfum sínum skriflega um málið.

69. gr.

Ákvörðunum markavarðar eða fundar markavarða um skráningu á marki, synjun um skráningu og niðurfellingu marks vegna sammerkinga er heimilt að skjóta til markanefndar innan 45 daga frá því að ákvörðun var sannanlega tilkynnt hlutaðeiganda. Ef hann áfrýjar skal hann greiða gjald sem ráðherra ákveður með auglýsingu.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í markanefnd til átta ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tilnefningu sauðfjár-sjúkdómanefndar og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn með sama hætti. Markanefnd skal fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykktu um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Ráðherra getur með reglugerð falið markanefnd tiltekin verkefni.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

70. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykktu, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

Gjört í Reykjavík, 21. mars 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

7. apríl 1986

Nr. 7

LÖG

um breyting á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir sjúkdómar skulu nefndir einu nafni kynsjúkdómar:

Sárasótt (syphilis),

lekandi (gonorrhea),

klamýdíusýkingar (sýkingar af völdum *Chlamydia trachomatis*),

þvagrásarbólga af öðrum orsökum (urethritis catarrhalis),
linsæri (ulcus molle),
lymphogranuloma venereum,
granuloma inguinale,
smitun af HTLV3 veiru.

Taka lögín aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Skráningu kynsjúkdóma skal hagað þannig að fyllsta trúnaðar sé gætt varðandi persónu hins smitaða.

Læknar skulu skrá sérstaklega alla einstaklinga með kynsjúkdóma og senda þær upplýsingar til landlæknis á þar til gerðu eyðublaði sem skrifstofa landlæknis gefur út. Þar skal einungis skrá fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn hins smitaða. Læknir hins smitaða skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi auðkenni viðkomandi einstaklings og gæta þess að öll slík auðkenni séu á vitorði hans eins. Gögn, er varða auðkenni einstaklings, skulu ekki fara úr vörslu læknis til vélritunar eða annarra nota.

Ef tveir skráðir einstaklingar hafa sama fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn skulu læknar viðkomandi einstaklinga bera saman fæðingarnúmer þeirra til að koma í veg fyrir tvískráningu.

Sýni, send til rannsóknar frá þeim sem ástæða er til að ætla að hafi kynsjúkdómasmit, skulu merkt með upphafsstöfum þess læknis, sem sýnið sendir, og raðnúmeri sem hann gefur viðkomandi einstaklingi.

Landlæknir sér um faraldursfræðilega skráningu kynsjúkdóma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.